

við frv. til barnalaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. 1. gr. orðist svo:

Lög þessi taka til allra barna, en um kjörbörn eru einnig sérlög. Einstök ákvæði laganna ná til stjúpbarna og fósturbarna samkvæmt því sem í þeim segir.

Réttarstaða barna er í hvívetna hin sama nema lög mæli annan veg.

Í lögum þessum er mælt fyrir um framfærslu barna að einkarétti, en ekki gagnvart hinu opinbera, nema sérstaklega sé getið.

2. 8. gr. orðist svo:

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni barns fyrir presti eða valdsmanni eða bréflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins. Ef barnsfaðir er yngri en 18 ára, þegar yfirlýsing er uppi látin, skal hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns.

Nú hjuggu móðir barns og maður, sem hún lýsti föður þess, saman samkvæmt því, er greinir á þjóðskrá, eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum, við fæðingu barnsins, og jafngildir það þá faðernisviðurkenningu.

Nú hafa maður, sem kona hefir lýst föður að barni sínu, og móðir barns tekið síðar upp sambúð samkvæmt því, er greinir í 2. málsg. og jafngildir það faðernisviðurkenningu, enda sé barnið feðrað.

3. 1. málsg. 9. gr. orðist svo:

Nú er þann veg háttað sálrænum högum lýsts barnsföður, að varhugavert er að taka mark á yfirlýsingu hans, og skal dómur þá ganga á mál.

4. 3. málsg. 15. gr. orðist svo:

Nú hefir faðir barns sætt dómi fyrir brot samkvæmt XXII. kafla almennra hegningarlaga gagnvart móður þess, og telja verður, að barn sé getið við þessa háttsemi, og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barns að öllu leyti.

5. 2. málsg. 18. gr. falli niður.

6. Fyrirsögn V. kafla orðist svo:

Barnsfararkostnaður o. fl. greiðslur, er standa í tengslum við barnsburð og meðgöngu.

7. Við 34. gr. Orðin „eftir því sem fært reynist“ í lok 2. málsg. falli niður.

8. Við 42. gr. Í stað orðanna „eða hann er hneigður til drykkjuskapar eða“ í 2. málsg. komi: svo sem vegna drykkjuskapar, eða hann er.

9. Við 47. gr. Í stað orðanna „svo og að aðstoða við framkvæmd blóðtöku á aðiljum máls, ef því er að skipta, eða við aðra sérfræðilega mannfæðarannsókn“ í 3. málsg. komi: og eru viðkomendur skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana.